

Höfuðlús er skráningaskyldur sjúkdómur skv. Reglugerð nr. 129/1999 og því ber heilbrigðis-starfsfólki að senda ópersónugreindar upplýsingar til sóttvarnalæknis um fjölda lúsartilfella sem greinast.

## *Ískrá sendir upplýsingarnar til sóttvarnalæknis*

Upplýsingar um lúsartilfelli sem greinast í heilsuvernd skólabarna eru teknar úr Ískrá og sendar sóttvarnalækni. Upplýsingarnar eru teknar út eftir fjölda hjúkrunarviðfangsefnisins ‚Lús' í skráningu samskipta.

Heilbrigðisstarfsmenn kemba sjaldnast hár barna og greina því sjaldnast lúsina sjálfir með berum augum heldur eftir upplýsingum, oftast frá forráðamönnum eða skólariturum. Eftir samskipti við þá eru skráð samskipti og hjúkrunarviðfangsefnið **‚Lús'** sett í samskiptin ef hún fannst hjá barni.

**Nýtt smit = Ný samskipti**

**Mikilvægt er að skrá ný samskipti við nýtt smit**. Hér er því undantekningin á því að nota framvindu í samskiptum með sama hjúkrunarviðfangsefnið.

## *Skráning samskipta vegna höfuðlúsar* *(Mynd 1)*

**Dæmi:** Forráðamaður nemanda hefur samband og lætur vita að hann hafi fundið lús í höfði barns síns.




**Mynd 1:** Skráning eftir samskipti við forráðamann sem fann lús í höfði barns síns

## *Önnur skráning*




Í framhaldi af tilkynningu um lús hjá nemanda er foreldrum annarra nemenda send ráð vegna lúsar í tölvupósti. Eftir að tölvupóstur er sendur er það skráð í Ískrá undir ‚aðra fræðslu' - hakað fyrir fram ‚lús' undir tölvupóstssamskipti við forráðamenn í ‚Fræðsluglugganum'.




Ef farið er með fræðslu um lús í framhaldinu í bekkinn er það skráð einnig undir „aðra fræðslu" , hakað fyrir framan „lús" undir fræðsla vegna sjúkdóms nemanda.

Lús-vinnuferli - Myndband um höfuðlús og kembingu(EL)